



JAFNRÉTTISÁÆTLUN VÍKURSKÓLA

Unnin á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 151/2020.

Elín Einarsdóttir
skólastjóri

Víkurskóli
Mánabraut 3-5, 870 Vík

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Ábyrgð og gildistími	2
Nám og kennsla	2
Nemendur	3
Starfsmenn	4
Starfsráðningar	5
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	6
Helstu heimildir	6

Inngangur

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr 151/2020 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Jafnréttisstefnan á við um nemendur, foreldra og starfsfólk skólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í skólasamfélaginu.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, samfélagsþátttöku og fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið náms og kennslu og starfshættir skóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismun.

Jafnréttisáætlun Víkurskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta skólabrag og starfsanda öðru fremur. Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Víkurskóla að tækifæri nemenda og starfsfólks byggi fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans, vikurskoli.is.

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps byggir á lögum um jafna stöðu kynjanna nr. 151/2020. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúunum. Auk þess eru í áætluninni tilmæli til einstaklinga og yfirvalda, stofnana og fyrirtækja sem ekki heyra undir stjórn sveitarfélagsins.

Í jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps er því beint til stjórnenda Víkurskóla:

„...að, vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.“

Ábyrgð og gildistími

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé unnin í samræmi við lög og reglur og hún uppfærð samkvæmt lögum á þriggja ára fresti. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Víkurskóla bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla í öllu starfi skólans. Jafnréttisnefnd skólans vinnur með skólastjóra að framgangi áætlunarinnar.

Jafnréttisáætlunin tekur gildi 1.05 2025. Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga skal endurskoða jafnréttisáætlunir á þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun fer fram 1.05. 2028.

Nám og kennsla

Nám- og kennsla í Víkurskóla tekur mið af því samfélagi sem Mýrdalshreppur er. Stefnt er að því að þróa leiðir sem stuðla að góðum náms- og kennsluháttum. Víkurskóli leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og að verkefni séu af ólíkum toga til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Jafnréttisfræðsla er fléttuð inn í lífsleikni með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við ólíkar þarfir nemenda, jafnframt er jafnréttisfræðsla tengd inn í allar námsgreinar skólans. Kennarar skólans skulu skoða og meta námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Allir nemendur

eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar sem styður jákvæð hegðun, hugsun og framkomu. Jafnframt er unnið með ART í Víkurskóla sem er hagnýtt tæki til að kenna nemendahópum með markvissum hætti, félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferði.

Nemendur

Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál meðal annars með því að búa nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið til móts við þá óháð t.d. kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna og trúarskoðanna. Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu.

Lögð er áhersla á að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Þeir eiga jafnframt að læra að virða tilfinningar annarra óháð t.d. uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er áhersla á að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Hafa skal að leiðarljósi í skólastarfinu að þátttaka kynjanna í sem flestum þáttum starfsins sé sem jöfnust.

Leitast er við að nemendur í eldri bekkjum skólans fái náms- og starfsfræðslu bæði með kynningum og mögulega þátttöku í atvinnulífinu.

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forrættindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið, á sér eða öðrum í skólanum skal hann leita til umsýsnaðar eða skólustjóra.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Víkurskóli leggur mikið upp úr jákvæðum samskiptum við nemendur foreldra og alla sem að skólastarfinu koma.	Jafnréttisfræðsla fer fram á öllum skólastigum grunnskólans	Skólustjóri Starfsmenn	2025-2028
Gæta skal kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.	Öll viðfangsefni skólans eiga að vera á þann veg að hvorki halli á stúlkur né drengi enda skal ríkja jafnræði og jafnrétti til öflunar þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt.	Starfsmenn	

Nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og þátttöku í skólastarfinu.	Gagnkvæm virðing í samskiptum. Öll börn eru hvött áfram með sama hætti. Fræðsla um jafnrétti og mannréttindi er samofin við lífsleiknikennslu. Náms- og starfsfræðsla í tengslum við störf sé óháð kyni.	Skólastjóri og jafnréttisnefnd	
---	---	--------------------------------	--

Starfsmenn

Starfsmenn Víkurskóla eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir eiga einnig að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi eða áreitni, verði aldrei liðin í skólanum. Starfsmenn eiga alls ekki að setta sig við kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi eða kynbundna áreitni en hún getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði.

Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi eða kynbundin áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum.

Í anda jafnréttisлага eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, óháð kyni, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Starfsþróun og símenntun sé aðgengileg báðum kynjum. Starfsmenn fái fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðu og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.

Þess skal gætt að í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja.

Jafnréttisáætlun Víkurskóla er árlega sett á dagskrá á starfsmannafundi og í skólaráði.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Skólinn er fjölskylduvænn vinnustaður sem styður jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Vinnutími er sveigjanlegur eftir aðstæðum. Vinnurammi er unnin í samráði við starfsmenn Starfsmenn eigi afturkvæmt í störf eftir	Skólastjóri Skólastjóri / Fræðslunefnd Mýrdalshrepps	2025-2028

	orlof. (Veikindi/fæðingarorlof)		
	Starfsmenn eigi þess kost að minnka við sig starfshlutfall ef fjölskylduástæður krefjast þess.	Skólastjóri	
Allir starfsmenn hafi möguleika á endurmenntun og séu hvattir til að nýta sér það sem er í boði hverju sinni.	Starfsmönnum af báðum kynjum fái tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar.	Skólastjóri	Alltaf í gangi
Konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Konur og karlar skulu hafa jafna möguleika á launuðum viðbótarstörf um innan skólans.	Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða.	Skólastjóri Skrifstofustjóri Mýrdalshrepps	Lokið 1. mars 2026
	Leiðréttu launin ef fram kemur óútskýrður munur á launum kvenna og karla.	Skólastjóri/ Skrifstofustjóri Mýrdalshrepps	Lokið 1. mars 2026

Starfsráðningar

Jafnréttissjónarmið skulu, til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið, lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Að tryggja að laus störf standi opin til umsókna fyrir konur og karla.	Störf í skólanum skulu auglýst þannig að auglýsingin höfði til einstaklinga af báðum kynjum. Velja skal þann umsækjanda sem hæfastur er til starfsins á grundvelli menntunar og reynslu.	Skólastjóri Fræðslunefnd Mýrdalshrepps	Fyrir 1. maí ár hvert
Reyna eins og kostur er að jafna kynjahlutfallið í starfsmanna-hópnum.	Þegar ráðið er í ný störf og valið stendur á milli jafn hæfra einstaklinga af gagnstæðu kyni skal ráða þann einstakling sem er	Skólastjóri Fræðslunefnd Mýrdalshrepps	Fyrir 30. júní ár hvert

	af því kyni sem er í minnihluta.		
--	----------------------------------	--	--

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Í 14. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir:

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótta- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

☐ Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir. ”

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Hverskonar kynbundið ofbeldi/áreitni eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Víkurskóla. Nauðsynlegt er að fyrirbyggja slíkt innan stofnunarinnar.	Fræðsla til starfsmanna. Sjá efni t.d. efni hjá: Meginþættir vinnuverndar Vinnueftirlitið	Skólastjóri	2025-2028
Starfsfólk verði meðvitað um ábyrgð og bjargir ef upp koma tilvik.	Fræðsla fléttuð inní lífsleiknikennslu í öllum árgöngum. Ef starfsmaður/nemandi telur að jafnrétti sé brotið skal hann leita til stjórnenda / trúnaðarmanns / umsjónarkennara.	Stjórnendur/ trúnaðarmaður/ umsjónarkennarar	

Helstu heimildir

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 151/2020

Aðalnámskrá grunnskóla, 2011.

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps 2020

https://www.vik.is/static/files/Reglur_og_samthykkir/jafnrettisaaetlun-myrdalshrepps_2_utg_.pdf

Jafnretti.is

Jafnframt; jafnréttisáætlanir annarra skóla hafðar til hliðsjónar.